

# REGLUR

## um þátttöku í jöfnunarkerfi

### Greiðsluveitunnar

#### 1. gr.

##### *Gildissvið og markmið.*

Reglur þessar gilda um þátttöku í jöfnunarkerfi Greiðsluveitunnar, hér eftir nefnt jöfnunarkerfið. Þær eru settar af Greiðsluveitunni, hér eftir einnig nefnd félagið, til fyllingar reglum Seðlabanka Íslands er gilda um starfsemi jöfnunarkerfa, nú nr. 704/2009. Reglur þessar byggjast jafnframt á ákvæðum laga nr. 90/1999, um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum.

Markmið reglna þessara er að tilgreina þau skilyrði sem uppfylla þarf til þess að geta gerst þátttakandi ásamt því að skilgreina hlutverk og ábyrgðarsvið aðila í þeim tilgangi að auka gagnsæi, skilvirkni og rekstraröryggi í jöfnunarkerfinu.

#### 2. gr.

##### *Skilgreiningar.*

Um skilgreiningu hugtaka í reglum þessum er vísað til þeirra laga og reglna sem tilgreind eru í 1. gr. Verði ósamræmi milli reglna þessara og þeirra sem tilgreindar eru í 1. gr. gilda ákvæði þeirra síðarnefndu.

#### 3. gr.

##### *Starfrækslutími og uppgjör.*

Jöfnunarkerfið er að jafnaði starfrækt og tekur á móti greiðslufyrirmælum þátttakenda allan sólarhringinn alla daga ársins. Uppgjör í kerfinu fer fram tvisvar á dag á sérhverjum bankadegi. Fyrri uppgjörið á sér stað klukkan 8.30 að morgni og hið síðara klukkan 16.30 síðdegis.

Greiðsluveitan veitir þátttakendum aðgang að sérstakri þjónustumiðstöð sem opin er kl. 8-18 virka daga. Jafnframt miðlar félagið þeim upplýsingum til þátttakenda sem það býr yfir og geta nýst þeim vegna þátttöku þeirra í kerfinu.

Ef nauðsynlegt þykir er heimilt að fella niður eða fjölga uppgjörum í jöfnunarkerfinu að fengnu samþykki Seðlabankans. Greiðsluveitan skal tilkynna þátttakendum allar slíkar breytingar á uppgjöri hið fyrsta.

#### 4. gr.

##### *Þáttökuskilyrði.*

Umsækjendur um aðild að jöfnunarkerfinu skulu uppfylla eftirfarandi þáttökuskilyrði áður en heimild til þátttöku er veitt:

1. Lúti opinberu eftirliti fjármálaeftirlitsyfirvalds á Evrópska efnahagssvæðinu.
2. Hafi gilt starfsleyfi viðkomandi eftirlitsstofnunar og uppfylli allar kröfur er varða eiginfjárhlutfall og lausafjárhlutfall.
3. Hafi kynnt sér allar reglur er gilda um starfsemi jöfnunarkerfa.
4. Hafi yfir að ráða fullnægjandi tæknibúnaði vegna þáttökunnar að mati Greiðsluveitunnar.

5. Hafi yfir að ráða nauðsynlegri stjórnunarlegri getu og tækniþekkingu starfsmanna vegna þátttökunnar að mati Greiðsluveitunnar.
  6. Hafi samið um og lagt fram fullnægjandi uppgjörstryggingar í Seðlabanka Íslands.
  7. Hafi yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættu í tengslum við þátttöku í kerfinu.
  8. Hafi samið og lagt fram viðbúnaðaráætlun við áföllum í starfsemi jöfnunarkerfisins.
  9. Hafi greitt eða samið um greiðslu stofn- og tengigjalds.
  10. Hafi undirritað samning um þátttöku í jöfnunarkerfinu.
- Ákvæði 1., 2. og 6. liðar 1. mgr. eiga ekki við um Seðlabankann.

5. gr.

*Skyldur þátttakenda.*

Þátttakendur í jöfnunarkerfinu skulu ávallt uppfylla eftirfarandi skyldur, m.a. til að stuðla að öryggi og skilvirkni í kerfinu:

1. Tryggja að þátttökuskilyrði skv. 4. gr. séu ávallt uppfyllt.
2. Fara í öllu eftir reglum er gilda um starfsemi jöfnunarkerfisins.
3. Greiða skilvíslega öll ár- og færslugjöld vegna þátttöku sinnar samkvæmt gildandi gjaldskrá Greiðsluveitunnar á hverjum tíma.
4. Fylgjast með jöfnunarstöðu sinni eins og hún kemur fram á viðkomandi jöfnunarreikningi og koma tímanlega í veg fyrir að beiðni um framkvæmd greiðslufyrirmæla verði hafnað verði hún send. Greiðslur þátttakenda inn á jöfnunarreikning skulu að jafnaði berast áður en 90% af hámarksjöfnunarstöðu er náð.
5. Tryggja að ávallt sé einhver tengiliður til staðar við uppgjör jöfnunarkerfisins og á starfrækslutíma stórgreiðslukerfisins, sbr. 10. gr.
6. Tilkynna Greiðsluveitunni tafarlaust öll mikilsverð tilvik sem kunna að raska eða hafa raskað starfsemi jöfnunarkerfisins.
7. Taka þátt í öllum skipulögðum viðtökuprófunum og viðbúnaðaræfingum og tryggja að viðbúnaðaráætlanir séu endurskoðaðar með reglubundnum hætti.

6. gr.

*Umsókn um aðild.*

Umsækjendur um aðild að jöfnunarkerfinu skulu fylla út þar til gert umsóknareyðublað sem hægt er að nálgast á heimasíðu eða skrifstofu Greiðsluveitunnar. Umsókn telst aðeins gild sé hún rétt útfyllt og meðfylgjandi séu umbeðin fylgiskjöl í samræmi við leiðbeiningar á umsóknareyðublaðinu.

7. gr.

*Upplýsingagjöf.*

Þátttakendur í jöfnunarkerfinu skulu leggja fram öll þau gögn sem Greiðsluveitan telur nauðsynleg og ekki eru bundin þagnarskyldu samkvæmt 58. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, til þess m.a. að ganga úr skugga um að þátttakandi virði lög, reglur og skilmála sem um jöfnunarkerfið gilda og varða viðskipti hans í kerfinu á einn eða annan hátt að mati félagsins.

Fornas  
B. Sk.

8. gr.

*Óbein þáttaka.*

Óbeinn þátttakandi í jöfnunarkerfinu er lánastofnun sem fellur undir a- eða b-lið 2. tölul. 2. gr. laga nr. 90/1999, um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum, og hefur ekki undirritað þáttökusamning við Greiðsluveituna en er skilgreindur sem slíkur af félaginu.

Áður en óbein þáttaka hefst skulu óbeinir þátttakendur fá sérstakt samþykki Greiðsluveitunnar fyrir þáttöku sinni og undirrita þáttökusamning við stofnun (þáttakanda) sem aðild á að jöfnunarkerfinu. Þátttakandi sem annast milligöngu fyrir óbeinan þáttakanda ber fulla ábyrgð á þáttöku hans samkvæmt þáttökusamningi þeirra á milli. Afrit af slíkum samningi skal afhent félaginu áður en óbein þáttaka hefst.

9. gr.

*Varaleið og viðbúnaðaræfingar.*

Reynist þáttakanda ómögulegt að millifæra milli storgreiðslukerfis og jöfnunarkerfisins vegna tæknilegra örðugleika skal öllum millifærslubeiðnum beint til Seðlabankans eftir varaleið sem Greiðsluveitan og bankinn hafa skilgreint. Félagið skal tryggja að þeir starfsmenn er sinna greiðslumiðlun í jöfnunarkerfinu hljóti nauðsynlega kynningu á varaleiðinni og þjálfun í notkun hennar. Auk þess skal félagið skipuleggja reglulegar viðbúnaðaræfingar í samstarfi við Seðlabankann í því skyni að tryggja nauðsynlegt rekstraröryggi ef upp koma seinkanir, rafmagnsleysi eða önnur tæknileg óhöpp.

10. gr.

*Tengiliðir.*

Þátttakendur skulu afhenda Greiðsluveitunni lista yfir eftirtalda aðila:

1. Tengiliði sem Greiðsluveitan getur haft samband við vegna atriða sem varða jöfnunarkerfið, s.s. vegna almennrar upplýsingamiðlunar, reglna, samninga, heimilda, þjónustu við kerfið og annarra atriða.
2. Tengiliði sem Greiðsluveitan getur haft samband við komi upp vandamál tengd rekstri kerfisins, s.s. lausafjávandi eða vegna þess að varaleið hefur verið virkjuð.

Þátttakandi ber ábyrgð á að ofangreindir listar séu ávallt réttir og uppfærðir í samræmi við starfsskyldur starfsmanna hans hverju sinni.

11. gr.

*Heimild til útvistunar.*

Greiðsluveitunni er heimilt að fela utanaðkomandi aðila, hér eftir nefndur útvistunaraðili, að annast tiltekna þjónustubætti sem varða rekstur jöfnunarkerfisins. Slík útvistun hefur ekki áhrif á ábyrgð, réttindi eða skyldur samkvæmt reglum þessum. Félagið skal sýna eðlilega aðgæslu í tengslum við val, tilnefningu og eftirlit með útvistunaraðila samkvæmt þessari grein. Samningar félagsins vegna þýðingarmikilla þjónustubátta skulu vera skriflegir.

Tryggt skal að útvistunaraðilar annist tæknilegan rekstur í samræmi við góða starfshætti rekstraraðila, sbr. leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins, nr. 1/2005.

12. gr.

*Lokun.*

Ef þátttakandi í jöfnunarkerfinu brýtur reglur þessar eða önnur lög eða reglur sem um greiðslujöfnun gilda getur Greiðsluveitan beitt lokun enda hafi þátttakandi ekki sinnt áminningu um úrbætur innan tiltekinna tímamarka. Bregðist þátttakandi ekki við ítrekuðum áskorunum þrátt fyrir að lokun hafi verið beitt er félaginu heimilt að rifta þáttökusamningi án frekari fyrirvara. Félaginu er heimilt að birta opinberlega tilkynningu ef gripið er til úrræða samkvæmt þessari grein.

13. gr.

*Endurskoðun heimildar.*

Í þáttökusamningi skal kveðið á um heimild þátttakanda í jöfnunarkerfinu. Greiðsluveitan getur þegar í stað krafist breytingar á heimild ef líkur eru taldar á lausafjávanda hjá þátttakanda, vegna ítrekaðra læsinga, truflana í greiðsluflæði frá þátttakanda eða lausafjárstýringu þátttakanda sé þannig háttáð að viðbúnaðarkerfið sendir ítrekað skilaboð um hættu. Komi fram krafa um breytingu á heimild samkvæmt ákvæði þessu skal endurnýja þáttökusamning eða undirrita viðauka um nýja heimild með hliðsjón af þörfum þátttakanda til að mæta sveiflum á jöfnunarreikningi þátttakanda.

14. gr.

*Ábyrgð.*

Greiðsluveitan ber skaðabótaábyrgð eftir almennum reglum skaðabótaréttar á beinu tjóni þátttakanda, sem rekja má til ásetnings eða stórfellds gáleysis félagsins eða starfsmanna sem það ber ábyrgð á, með þeim undantekningum sem fram koma í skilmálum þessum.

Greiðsluveitan skal í engu tilfelli teljast ábyrg fyrir óþægindum, kostnaði, missi fjárfestingartækifæra eða öðru óbeinu fjártjóni, sem stafar til dæmis af lokun, bilun, truflun eða annarri röskun á starfsemi jöfnunarkerfisins. Gildir einu þótt truflunin stafi af uppfærslu eða endurbótum á búnaði kerfisins, en þegar þess er kostur skal félagið tilkynna þátttakendum slíkar truflanir með fyrirvara.

Félagið ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til atvika sem stafa af náttúruhamförum, styrjöldum, verkföllum eða vegna atriða sem talin verða falla undir óviðráðanleg tilvik (force majeure).

Hafi þátttakandi valdið því eða átt þátt í því að tjón varð eða afleiðingar þess urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð Greiðsluveitunnar.

15. gr.

*Allsherjar takmörkun ábyrgðar.*

Samanlögð ábyrgð Greiðsluveitunnar gagnvart öllum þátttakendum sínum skal vera takmörkuð við tíu milljónir króna vegna allra krafna sem rísa vegna eins og sama tjónstilviks. Greiðsluveitan metur hvað skal teljast eitt og sama tjónstilvik í þessum skilningi, en til dæmis skal litið svo á að tjón vegna eins og sama atburðar teljist til eins tjónstilviks.

Samanlögð árleg ábyrgð félagsins gagnvart öllum þátttakendum sínum skal vera takmörkuð við fimmtán milljónir króna vegna allra krafna, án tillits til þess hversu mörg tjónstilvikin hafa verið.

*Tommas  
bla*

Sérhver fjárhæð, sem sætir takmörkun ábyrgðar samkvæmt þessari grein, skal skiptast milli kröfuhafa að tiltölu við kröfur þeirra.

Heimild til takmörkunar samkvæmt þessari grein skal vera fyrir hendi án tillits til þess á hvaða grundvelli ábyrgðin hvílir.

16. gr.

*Tilkynningar um tjón.*

Skaðabótakröfu ber að lýsa á hendur félaginu þegar í kjölfar tjónsatburðar eða í síðasta lagi innan þriggja mánaða frá því að tjónsatburður varð eða þátttakenda mátti vera ljóst að tjón hafi orðið. Að öðrum kosti fellur krafa niður á hendur félaginu.

Bætur sem félaginu ber að greiða þátttakendum sínum verða greiddar eins fljótt og unnt er eftir lok þess almanaksárs sem krafa eða kröfur eru settar fram.

17. gr.


*Gildistaka.*

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 32. gr., sbr. 3. gr., reglna Seðlabanka Íslands nr. 704/2009, um starfsemi jöfnunarkerfa, og öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi eldri reglur um sama efni.

  
**Finnur Sveinbjörnsson,**  
stjórnarmaður

Reykjavík, 18. nóvember 2011.

*Greiðsluveitan ehf.*

  
**Guðmundur Kr. Tómasson,**  
stjórnarformaður

  
**Tómas Örn Kristinsson,**  
stjórnarmaður